

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 27. júlí 1976

um aðlögun tilskipunar ráðsins 73/360/EBE frá 19. nóvember 1973, um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi vogir sem eru ekki sjálfvirkar, að tækniframförum

(76/696/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 71/316/EBE frá 26. júlí 1971 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi sameiginleg ákvæði um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit⁽¹⁾, eins og henni var breytt með aðildarlögunum⁽²⁾, einkum 17., 18. og 19. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 73/360/EBE frá 19. nóvember 1973 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi vogir sem eru ekki sjálfvirkar⁽³⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Síðan tilskipun ráðsins 73/360/EBE var samin og samþykkt hafa ný og þróaðri vigtunarkerfi orðið til. Þar sem ný hönnun hefur komið fram, eða er ráðgerð, ætti að aðlaga áður nefnda tilskipun að tækniframförum.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 73/360/EBE hafa Írland og Breska konungsríkið fimm ár til að fara að tilskipuninni. Því skal tillit tekið til þessa tíma í þessari tilskipun.

Ákvæði tilskipunar þessarar eru í samræmi við álit nefndar sem sér um að aðlaga, í samræmi við tækniframfarir, tilskipanir um að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum á viðskiptum með mælitæki.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í viðauka við tilskipun ráðsins 73/360/EBE frá 19. nóvember 1973 er textum liðanna 2.2.2.2, 2.2.2.4, 3.2.1.2, 3.2.2.2, 3.2.2.2.2, 3.2.7, 4.3.4, 6.2.1.2, 8.2.2, 10.7.1, 10.7.3,

10.7.4, 10.7.5, 10.7.6, 10.13.2.1.3, 10.13.2.2.3, 11.5.2.2.1 og 11.5.2.2.3 hér með breytt í samræmi við viðauka við þessa tilskipun. Liðir 2.2.2.8. og 2.2.2.9 bætast við. Liður 9.1 falli niður.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari á þann hátt að þessi ákvæði komi til framkvæmda ári eftir birtingu hennar.

2. Komi Írland og Breska konungsríkið ákvæðum tilskipunar ráðsins frá 19. nóvember 1973 í framkvæmd síðar en daginn sem um gat í síðustu málsgrein skulu ákvæði þessarar tilskipunar öðlast gildi á sama tíma.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að framkvæmdastjórninni berist helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. júlí 1976.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Finn GUNDELACH

framkvæmdastjóri.⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 202, 6. 9. 1971, bls. 1.⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 73, 27. 3. 1972, bls. 14.⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. L 335, 5. 12. 1973, bls. 1.

VIÐAUKI

- 2.2.2.2. Núllstillingar búnaður
Búnaður til að færa álestur vogar að núlli þegar álagshluti er tómur.
- 2.2.2.2.1. Ósjálfvirkur búnaður
Búnaður sem stjórnandi núllstillir vogina með.
- 2.2.2.2.2. Hálf sjálfvirkur búnaður
Búnaður sem núllstillir vogina með sjálfvirkum hætti en búnaðurinn er ræstur með handvirkum hætti.
- 2.2.2.2.3. Sjálfvirkur búnaður
Búnaður sem núllstillir vogina með sjálfvirkum hætti án þess að stjórnandi hafi afskipti af.
- 2.2.2.2.4. Sjálfvirkur leiðréttingarbúnaður fyrir núllálestur
Búnaður til að leiðrétta með sjálfvirkum hætti frávik frá núlli við hverja vigtunarniðurstöðu.
- 2.2.2.4. Töru búnaður
Búnaður til að endurstilla álestur vogar í núll þegar hleðsla er sett á álagshluta:
- annaðhvort með því að jafna út töru án þess að hafa áhrif á vigtunarsvið vogarinnar (tæki til að bæta við töru);
 - eða með því að draga töru frá og minnka þannig vigtunarsvið vogarinnar (tæki til að draga frá töru).
- 2.2.2.4.1. Ósjálfvirkur búnaður
Búnaður sem stjórnandi jafnar út töru með.
- 2.2.2.4.2. Hálf sjálfvirkur búnaður
Búnaður sem jafnar út töru með sjálfvirkum hætti eftir að hafa verið ræstur með handvirkum hætti.
- 2.2.2.4.3. Sjálfvirkur búnaður
Búnaður sem jafnar út töru með sjálfvirkum hætti án þess að stjórnandi hafi afskipti af.
- 2.2.2.8. Búnaður til aukins stöðugleika álestrar
Búnaður til að festa álestur þrátt fyrir truflanir innan ákveðins sviðs.
- 2.2.2.9. Búnaður til samþættingar á sveiflum
Búnaður til að ná jafnvægi í álestri sem samsvarar meðaltali sveiflnanna.
- 3.2.1.2. Kvarðaðar vogir⁽¹⁾
- og
- 3.2.2.2. Kvarðaðar vogir⁽¹⁾
Neðanmálgrein:
- ⁽¹⁾ Fjallað er um vogir sem hafa búnað fyrir brúun álestrar eða álestrartæki, þar sem síðasta talan er skýrt aðgreind frá öðrum tölum, í liðum 3.2.6 og 3.2.7.

3.2.2.2.2. $10 \text{ g} \leq \text{hámark} \leq 50 \text{ kg} \mid 50 \text{ d} \mid 10 \text{ mg} \leq \text{d} \leq 500 \text{ mg} \text{ (}^2\text{)} \mid 1\,000 \leq \text{n} \leq 100\,000 \mid \text{d}$

Neðanmálgrein:

(²) Vogir sem hafa hámarksgetu sem er jöfn og eða meiri en 1 kg, 100 mg í deilingargildi og 1 g í skerðingargildi geta tilheyrt flokki voga með mikla nákvæmni, að því tilskildu að síðasta tala sem sést sé skýrt aðgreind frá öðrum tölum.

3.2.7. *Vogir með álestrartæki þar sem síðasta talan er skýrt aðgreind frá hinum tölunum*

Einungis er heimilt að hafa álestrartæki á vogum með sjálfvirkan eða hálfsvirkkan álestur með sérstaka eða mikla nákvæmni ef síðasta talan er skýrt aðgreind frá hinum tölunum.

Skerðingargildi vogarinnar skal samsvara næstsíðustu tölu álestrartækisins.

Flokkun voga í nákvæmnisflokka, fjöldi deilingarbila þeirra og lágmarksgeta skal ákvörðuð með vísun til skerðingargildisins, að undanteknum tilvikum sem um getur í neðanmálgrein(²) við lið 3.2.2.2.2.

4.3.4. *Mismunur við núllstillingu*

Frávik á núllstöðu strax eftir að hleðsla, sem staðið hefur á voginni í hálf klukkustund, hefur verið fjarlægð skal ekki vera meiri en sem nemur hálfu skerðingargildi.

Prófunin skal framkvæmd við eins stöðug skilyrði og kostur er.

6.2.1.2. *Ósamfelldur (stafrænn) álestur eða prentun*

Aukahleðsla, jöfn 1,4 af ósamfelldu (stafrænu) deilingargildi, sem sett er varlega á vogina og látin jafna þyngd sérhverrar prófunarhleðslu skal valda því að niðurstaða í álestri eða prentun verður hærrí (einkum prófunarhleðsla sem rétt nær að breyta álestri eða prentun).

8.2.2. *Sérstök hitamörk*

Nú eru tilgreind sérstök mörk hita við notkun í áletrunum á vog og skal hún þá standast kröfurnar sem fram koma í 4., 5. og 6. lið, innan þeirra marka sem tilgreind eru.

Þessi mörk skulu að minnsta kosti vera jöfn:

1 °C fyrir vogir með sérstakri nákvæmni og skerðingargildi sem er minna en 0,1 mg,

5 °C fyrir aðrar vogir með sérstakri nákvæmni,

15 °C fyrir vogir með mikilli nákvæmni,

30 °C fyrir vogir með milli- og venjulegri nákvæmni.

9.1. **Almennt**

Þessi liður falli niður úr viðauka við tilskipun ráðsins 73/360/EBE frá 19. nóvember 1973.

10.7.1. *Núllstillingarbúnaður*

Heimilt er að hafa einn eða fleiri núllstillingarbúnaði á vogum eða sjálfvirkan leiðréttingarbúnað fyrir núllálestur.

10.7.3. *Nákvæmni núllstillingar eða sjálfvirkar leiðréttingar fyrir núllálestur*

Núllstilling eða sjálfvirk leiðrétting fyrir núllálestur skal gerð þannig að ekki skeiki meiru en einum fjórða hluta af minnsta skerðingargildi vogarinnar.

10.7.4. *Stjórn núllstillingarbúnaðar*

Stjórn á núllstillingarbúnaði skal vera aðskilin frá stjórn á törubúnaði ef hvor tveggja búnaðurinn er fyrir hendi.

- 10.7.5. *Núllstillingarbúnaður á vogum með ósamfelldan (stafrænan) álestur eða prentun*
- Nú er ekki samfelldur (hliðrænn) álestur á vog með ósamfelldum (stafrænum) álestri eða prentun, eða samfellt (hliðrænt) deilingargildi er meira en ósamfellt (stafrænt) deilingargildi, og skal þá vera á voginni aukabúnaður til leiðréttingar á núllálestri.
- Þessi búnaður skal sýna greinilega öll frávik frá núlli sem eru meiri en fjórðungur af ósamfelldu (stafrænu) deilingargildi vogarinnar.
- Ef búnaðurinn er samfelldur (hliðrænn) skal deilingargildi hans ekki vera meira en ósamfellt (stafrænt) deilingargildi vogarinnar.
- Ekki er skylt að hafa þennan búnað á vogum sem hafa búnað fyrir sjálfvirka núllstillingu eða búnað fyrir sjálfvirka leiðréttingu núllálesturs.
- 10.7.6. *Búnaður fyrir sjálfvirka núllstillingu og sjálfvirka leiðréttingu núllálesturs*
- Ókleift skal vera að nota búnað fyrir sjálfvirka núllstillingu, eða búnað fyrir sjálfvirka leiðréttingu núllálesturs, ef:
- törubúnaður eða búnaður til að auka svið sjálfvirkis álestrar og prentunar er ekki við núll,
 - vegin er ekki stöðug í jafnvægisstöðu.
- 10.13.2.1.3. *Deilingargildi einingarverðs*
- Deilingargildi einingarverðs skal þannig fyrir komið að unnt sé velja hvert það einingarverð sem þörf er á við notkun vogarinnar.
- 10.13.2.2.3. *Deilingargildi kaupverðs*
- Reglur viðkomandi lands gilda um deilingargildi kaupverðs.
- 11.5.2.2.1. *Núllstillingarbúnaður*
- Ósjálfvirkum og hálf sjálfvirkum núllstillingarbúnaði skal vera stjórnað með aðstoð verkfæris og skal hann vera sjáanlegur beggja vegna vogarinnar.
- Ókleift skal vera að skilja verkfærið eftir í vinnustöðu.
- 11.5.2.2.3. *Törubúnaður*
- Óheimilt er að hafa törubúnað á vogum með tvo vogarpalla.
- Heimilt er að hafa törubúnað á vogum með einum vogarpalli, að því tilskildu að kaupendur sjái:
- hvort verið er að nota búnaðinn (sjá lið 12.6.3) og
 - hvort stillingu búnaðarins er breytt.
- 11.5.2.2.3.1. *Ósjálfvirkur törubúnaður*
- Samanlögð áhrif þessa búnaðar skulu ekki vera meiri en:
- eitt deilingargildi vogar þegar einn punktur í hring snúningsviðmiðunar færist um 5 mm,
 - eitt deilingargildi vogar þegar línuleg viðmiðun færist um 5 mm,
 - eitt deilingargildi vogar ef á henni er törubúnaður með ósamfelldum stjórnbúnaði og á voginni er ósamfelldur álestur,
 - eitt deilingargildi vogar ef á henni er törubúnaður með ósamfelldum stjórnbúnaði og á voginni er samfelldur álestur með deilingargildi sem er ekki meira en 2 g,
 - hálf deilingargildi vogar ef á henni er törubúnaður með ósamfelldum stjórnbúnaði og á voginni er samfelldur álestur með deilingargildi sem er jafnt eða meira en 5 g.
- Rafknúin vog sem sýnir verð og hefur törubúnað með samfelldum stjórnækjum skal þannig gerð að verðálestur sé aðeins mögulegur að loknum töreikningi.

11.5.2.2.3.2. Hálfsvirkur törubúnaður

Notkun þessa búnaðar er heimilud með þeim skilyrðum að:

- hún sé aðeins möguleg þegar vogin er stöðug í jafnvægisstöðu,
- notkun törubúnaðar leyfi ekki lækkun á gildi töru,
- einungis sé hægt að stöðva áhrif búnaðarins þegar engin hleðsla er á álagshluta.

Að auki skulu vogirnar uppfylla aðra af eftirfarandi kröfum:

1. álestur á gildi töru komi fram á báðum hliðum vogarinnar á meðan vigtað er;
2. þegar hleðsla er fjarlægð af álagshluta, eftir notkun törubúnaðar, hafi það eitt af eftirfarandi í för með sér:
 - álesturinn verður aftur núll og törubúnaðurinn hættir að hafa áhrif,
 - að lesa megi gildi töru með mínusmerki,
 - að enginn álestur sé mögulegur fyrr en áhrif törubúnaðar eru ekki lengur fyrir hendi.

11.5.2.2.3.3. Sjálfvirkur törubúnaður

Sjálfvirkur törubúnaður er bannaður.
